

Mál nr. 6/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 7. september 2010, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 6/2010

X
gegn

Y
og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsméðferð siðanefndar

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 1. mars 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við grundvallarreglur félagsins með því annars vegar að para tíkina Z af tegundinni Miniature Pinscher við hundinn ZZ án þess að hundurinn hefði gilt hnéskeljavottorð og hins vegar að para tíkina ZZZ sömuleiðis af tegundinni Miniature Pinscher við hundinn ZZ án þess að tíkin hefði náð tveggja ára aldri og þar sem bæði voru án gilds hnéskeljavottorðs. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 5. mars 2010 og henni gefinn frestur til að andmæla til 6. apríl. Kærða brást við með því að senda siðanefnd afrit af bréfi sem hún hafði áður sent til skrifstofu HRFÍ og var dagsett 1. febrúar 2010. Í bréfinu gekkst kærða við brotinu hvað varðaði aldur tíkarinnar, en bar fyrir sig að hún hefði látið heilsufarsskoða hundana fyrir pörun og ekkert hefði fundist athugavert. Andsvör kærðu voru send kæranda til umsagnar 3. maí en kærandi sá ekki tilefni til að svara efnislega en óskaði þess í stað að siðanefnd héldi áfram með málið.

Í framhaldinu voru aðilar boðaðir á sáttafund sem haldinn var 7. september 2010 en þar kynntu aðilar sjónarmið sín fyrir nefndinni. Sættir tókust ekki og þar sem nefndin taldi öll gögn liggja fyrir sem og þau sjónarmið komin fram er máli skipta var málið tekið til úrskurðar.

II Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Tíkin Z var pöruð við hundinn ZZ án þess að hundurinn hefði gilt hnéskeljavottorð og tíkin ZZZ var pöruð við hundinn ZZ en tíkin hafði ekki náð tveggja ára aldri og hvorki tíkin né hundurinn hafði gilt hnéskeljavottorð. Hundarnir eru af tegundinni Miniature pinscher. Hundurinn í fyrri pöruninni er í eigu kærðu sem og hundurinn og tíkin í seinni pöruninni. Kærandi telur að með pörununum hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsins. Kærða játaði brot sitt hvað varðaði aldur tíkarinnar en taldi sig hafa gilt hnéskeljavottorð með því að hafa heilsufarsskoðað hundana fyrir pörun og ekkert hafi fundist athugavert. Heilsufarsskoðunin var þó hvergi skráð og féllst kærandi ekki á að taka hana sem gilt hnéskeljavottorð.

III Forsendur

Samkvæmt grein 2. í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni í HRFÍ sem notar hund sinn til ræktunar að vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í grein 3.3 segir:

„Para ekki tók fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með)”

Eins og málið liggur fyrir siðanefnd er ekkert fram komið um að sótt hafi verið um undanþágu frá grundvallarreglum félagsins um lágmarksaldur fyrir þetta hundakyn og gildir því tveggja ára lágmarksaldur tíkarinnar við framangreinda pörun. Það er því óumdeilt að tíkin í eigu kærðu hafði ekki náð tilskildum aldri og hefur kærða skýlaust játað það brot. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins. Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum HRFÍ þá ber félagsmönnum í HRFÍ að vera með gilt vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun eða skapgerðarmat sé þess krafist fyrir ræktunarahund. Í reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Miniature pinscher að hvolpar fáist ekki skráðir í ættbók nema að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

„Staðfest heilbrigði hnéskelja frá dýralækni. Niðurstöður liggi fyrir við pörun. Hnéskeljaskoðun: Skila þarf vottorði frá dýralækni um ástand hnéskelja ræktunardýrs, þ.m.t. gráðum á losi ef um slíkt er að ræða. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr undir tveggja ára aldri gildir í eitt ár, vottorð tveggja ára ræktunardýrs gildir ævilangt.”

Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að skila þarf staðfestu hnéskeljavottorði ræktunardýrs fyrir pörun. Ekki verður á það fallist að heilsufarsskoðun tíkarinnar og hundsins sem átti sér stað fyrir pörun komi í stað hnéskeljavottorðs enda sú heilsufarsskoðun hvergi skráð. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6. í grundvallarreglum félagsins.

Kemur því til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög vegna brotanna. Reglum um lágmarksaldur dýra við pörun og tilskilin heilsufarsvottorð eru til þess að hafa fyrirbyggjandi áhrif og brot á þeim geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsufar stofnsins. Kærða taldi heilsufarskoðun sem hún lét framkvæma á dýrunum vera nægilega tryggingu fyrir því að pörun þeirra væri í lag. Kærða hefur lagt fram staðfestingu Þórunnar Láru Þórarinsdóttur dýralæknis þess efnis að hundarnir hefðu verið skoðaðir með tilliti til heilsufars fyrir pörun. Siðanefnd telur það verka kærðu til málsbóta við ákvörðun hæfilegra viðurlaga. Hins vegar verður að hafa hliðsjón af því að kærða er brotleg að því er varðar pörun án tilskilinna vottorða í tvígang jafnframt því sem hún gerist brotleg um aldur tíkarinnar. Kærða hefur þannig í raun gerst sek um þrjú brot.

Kærða hefur í alla staði komið vel fram, gengist skýlaust við brotum sínum. Þar fyrir utan er siðanefnd ekki kunnugt um að kærða hafi áður gerst brotleg.

IV Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grundvallarreglur HRFÍ um ræktun.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir